



Fundur framkvæmdaráðs Delta Kappa Gamma haldinn í Háskólanum í Reykjavík, stofu M122, 7. september 2024, kl. 10-16.

Mættar eru:

Frá stjórn landssambandsins:

Árný Elíasdóttir Gammadeild, forseti, Málfríður Þórarinsdóttir Alfadeild 1. varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir Iotadeild, 2. varaforseti, Rósa Marta Guðnadóttir Epsilondeild, meðstjórnandi, Ásta Egilsdóttir Deltadeild, ritari, Björg Eiríksdóttir Gammadeild, gjaldkeri sem situr fundi stjórnar, Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, fráfarandi forseti, Sigrún Klara Hannesdóttir Alfadeild, lögsögumaður og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefritari <https://www.dkg.is/> og <http://www.dkgeurope.org/>

Frá deildum:

Málfríður Þórarinsdóttir Alfadeild, Eygló Björnsdóttir Betadeild, Bryndís Jóna Jónsdóttir Gammadeild, Theodóra Þorsteinsdóttir Deltadeild, Margrét Guðmundsdóttir Epsilondeild, Ólafía Stefánsdóttir Zetadeild, Ólöf Helga Þór Etadeild, Heiða Ingólfssdóttir Petadeild, Pernilla Rein Iotadeild, Linda Hrönn Helgadóttir Kappadeild, Björg Melsted Lambdadeild, Jóhanna Dögg Stefánsdóttir Mýdeild og Guðbjörg Einarsdóttir Nýdeild.

Frá nefndum

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, formaður laganevndar og uppstillingarnevndar, Hildur Hauksdóttir Betadeild, varaformaður námstyrkjanefndar og Sigríður Heiða Bragadóttir Etadeild, formaður félaga- og útbreiðslunefndar.

Guðrún Ásgeirsdóttir Zetadeild, formaður samskipta- og útgáfunefndar og Soffía Vagnsdóttir Kappadeild, formaður menntamálanefndar voru fjarverandi.

Dagskrá

Setning fundar og ræða forseta

Árný Elíasdóttir, landsforseti, setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún bauð fundarkonur velkomnar, fór yfir dagskrá fundarins og kynnti fundarstjóra Málfríði Þórarinsdóttur, Alfadeild.

Í ræðu sinni fór Árný yfir stefnu og sýn DKG sem og markmið samtakanna. Hún taldi mikilvægt að við hefðum þessi atriði ávallt í huga og hældum þeim á lofti í deildunum.

Því næst ræddi hún hlutverk framkvæmdarráðs og fór að því loknu yfir niðurstöður könnunar sem gerð var meðal félagskvenna á síðasta starfsári en hún var hluti af framkvæmdaráætlun landssambandsins fyrir árin 2023 – 2025. Niðurstöður þessar eru gott veganesti inn í deildarstarfið. Ennfremur sagði hún að vinna þyrfti betur að þeim markmiðum framkvæmdaráætlunar að samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi og láti sig menntamál meira varða. Á framkvæmdarráðsfundi 2023 var ákveðið að styrkja tvær til fjórar deildir árlega um kr. 100.000.- til að halda ráðstefnur eða fundi í heimabyggð. Í umræðum sem spunnust hér var áhersla lögð á samstarf milli deilda og að konur lærðu hver af annarri.

Að lokum fór Árný yfir hlutverk og starf formanna deilda og benti þar á svæði fyrir formenn inni á vef

alþjóðasambandsins dkg.org. Einnig hvatti hún formenn til að sækja [leiðtoganámskeið](#) sem haldið verður rafrænt dagana 25.-26. okt. 2024 og er auglýst á Facebooksíðu DKG á Íslandi.

Kynning

Málfríður fundarstjóri bauð fundarkonur velkomnar og leiddi kynningu á stjórn landsambandsins, formönnum deilda og nefnda og staðgengla þeirra. Fram kom að Eygló Björnsdóttir hafi fengið viðurkenningu frá Evrópuráðinu fyrir störf sín í þágu samtakanna.

Orð til umhugsunar

Ólöf Helga Þór, formaður Eta deildar flutti Orð til umhugsunar. Hún er fyrrum kennari og kenndi m.a. umhverfismennt og þýddi námsefni í greininni. Hún situr nú í Fagráði eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.

Ólöf Helga gerði loftlagsmál, umhverfismennt og menntun í sjálfbærri þróun og líffræðilega fjölbreytni að umræðuefni en hún hefur helgað sig loftlagsmálum frá því hún hætti að kenna og nú meðlimur í ALDIN, samtökum eldri aðgerðarsinna um umhverfis- og loftlagsmál.

Um menntun í sjálfbærri þróun ræddi Ólöf Helga um ritið [Menntun til sjálfbærni-Handbók fyrir fyrir kennara á öllum skólastigum](#) sem er að finna á sjálfbærnivef MMS. Taldi hún ritið góðan þekkingarbrunn fyrir kennara og að mikilvægt væri að virkja ungt fólk til aðgerða í nærumhverfinu. Sagði hún frá nemanda í Grunnskólanum í Vestmannaeyjum sem lagt hefur til að grunnskólar landsins taki upp staðlaðan vikumatseðil til að koma í veg fyrir matarsóun.

Um líffræðilega fjölbreytni gerði Ólöf Helga m.a. að umræðuefni áhrif nýlegrar jarðvinnslu til skógræktar á gróðurtegundir og fuglalíf þar sem friðuðum tegundum og vistgerðum hafi verið fórnað í nafni loftlagsaðgerða. Endaði hún orð sín á því að lesa úr bókinni Fuglar eftir Hjörleif Hjartarson.

Handbók formanna – upplýsingar og skyldur

Árný forseti DKG og Björg gjaldkeri fóru yfir [handbók formanna](#) og efni sem er á síðunni [Efni fyrir formenn](#) inni á dkg.is sem og skyldur formannsstarfsins. Í umræðum var lögð áhersla á mikilvægi þess að:

- hafa góðan [gátlista](#) yfir starfið.
- félagatal deilda sé rétt hverju sinni. Rætt var um samræmingu á upplýsingum. Árný forseti, Björg gjaldkeri, Eygló vefritari og formaður félaga- og útbreiðslunefndar eiga að fá upplýsingar um breytingar á félagatali. Formenn deilda geta sjálfir tilkynnt breytingar á félagahópnum til alþjóðasambandsins. Árný og Björg fóru yfir hvernig það er gert í gegnum Dues Portal á dkg.org og bentu einnig á spjallið á dkg.org sem virkar mjög vel þegar þörf er á aðstoð.
- fráfarandi formenn gangi frá öllum upplýsingum um nýja stjórn til alþjóðasambandsins svo nýjir stjórnendur eigi greiðan aðgang að gögnum inni á vefnum dkg.org þegar þeir taka við.
- fráfarandi gjaldkerar gangi frá öllum málum áður en nýr tekur við. Kallað var eftir gátlista fyrir gjaldkera og mun Björg útbúa lýsandi glærusýningu.
- setja tvo síðustu liði inn á gátlistann fyrir starfið í deildum.
- formenn og gjaldkerar deilda fari saman yfir handbókina og önnur gögn fyrir formenn til að glöggva sig betur á starfinu.
- unnið verði að því að fjölga í deildum og þess gætt að hafa fjölbreytta samsetningu í hópnum.

Fjárhagsáætlun 2024-2025

Björg Eiríksdóttir, Gammadeild og nýr gjaldkeri DKG fór yfir fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2024 – 2025 og var hún samþykkt samhljóða. Félagið stendur vel fjárhagslega sem kemur sér vel á afmælisári.

Styrkir samtakanna

Hildur Hauksdóttir, Betadeild og varaformaður námsstyrkjanefndar kynnti þá [námsstyrki](#) sem

félagskonur gera sótt um til hér heima og til alþjóðasambandsins. Nefndarkonur settu fram vangaveltur um hvort hvetja mætti félagskonur til að sækja í sjóðina með því að vekja meiri athygli á þeim sem þegar hafa sótt um og fengið styrki og nýta félagsauðinn til að vera konum innan handar sem vilja sækja um alþjóðlega styrki.

Í umræðum kom m.a. fram að sjóðirnir hafi almennt verið vel auglýstir á miðlum DKG og formenn verið hvattir til að vekja athygli á þeim í sínum hópi. Hægt er að sækja um styrki til alþjóðasambandsins til að halda ráðstefnur og viðburði á vegum deilda og til verkefna aðila utan DKG. Rætt var um að deildir gætu sameinast um að fá styrkþega til að kynna hvernig málin ganga fyrir sig. Svo er mikilvægt að tilkynna um nýja meðlimi til alþjóðasambandsins svo þeir eigi þess kost að sækja um styrki.

Vefir samtakanna, <https://www.dkg.is/> <https://www.dkg.org/> <http://www.dkgeurope.org/>

Eygló Björnsdóttir, vefstjóri ræddi fyrst félagatalið og bað um að breytingar yrðu merktar með rauðu til að auðvelda henni og öðrum viðtakendum (sjá umræður um handbókina) að fara yfir þær. Ákveðið var að bæta starfsstöð inn í félagatalið og að nefna síðasta vinnustað hjá þeim sem komnar eru á eftirlaun. Því næst fór Eygló í gegnum eftirfarandi atriði á vef dkg.is:

- síðuna [Deildarstarfið](#) sem geymir fjölbreyttar og góðar upplýsingar um starfið og leiðbeiningar fyrir vefritara. Bæta þarf gátlista fyrir gjaldkera inn á þá síðu.
- síðuna [Þekkingarforðinn](#) en þar er að finna yfirlit yfir efni sem DKG konur eru tilbúnar að miðla til annarra. Vilji er til að efla þennan forða og eru DKG konur hvattar til að koma sér þarna á framfæri. Formenn eru hvattir til að kalla eftir framboði frá félagskonum um leið og félagatalið veður uppfært.
- síðuna [Styrkir](#) en þar eru tenglar inn á allar styrkjasíður DKG.

Ekki reyndist nægur tími til að fara vel í vefina dkg.org og dkgeurope.org en þó náðist að segja frá eftirfarandi:

- Á síðunni [Efni fyrir formenn](#) eru upplýsingar um hvernig hægt er að komast inn á dkg.org
- Þar er síðan Resources sem geymir m.a. Forms og alls kyns upplýsingar og leiðbeiningar.
- Inni á dkgeurope.org er að finna ýmsa [fyrirlestra](#), upplýsingar, fréttir og útgefið efni.

Félagskonur eru hvattar til að kynna sér vefina og efla með því sína eigin þekkingu og þekkingu á samtökunum.

50 ára afmæli Delta Kappa Gamma á Íslandi 2025

Jóna Benediktsdóttir Alfadeild, formaður afmælisnefndar, fylgdi tillögum um afmælishald úr hlaði en hlutverk nefndarinnar var að móta nokkrar tillögur (2-3) um það hvernig mætti fagna á afmælisárinu og fylgja síðan eftir þeirri tillögu sem valin yrði með aðstoð stjórnar og annarra félagskvenna. Aðrar nefndarkonur voru Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, lotadeild, Fríða Pétursdóttir Betadeild, Guðbjörg Sveinsdóttir Þetadeild og Lee Ann Maginis Nýdeild.

Nefndin lagði áherslu á að hafa gaman, fróðleik og fjör að leiðarljósi og setti fram þrjár megingtillögur en markmið þeirra allra er að efla virkni félagskvenna og vekja athygli á samtökunum:

- A. Að samtökin standi fyrir ráðstefnu í tilefni afmælisins þar sem inntakið yrði að vekja athygli á mikilvægi kvenna í fræðslustörfum og að efla konur til dáða á sviði fræðslumála.
- B. Að gefa út afmælisrit samtakanna á rafrænu formi.
- C. Að beina þeim tilmælum til deilda félagsins að gera eitthvað samfélagslegt í tilefni afmælisársins.
- D. Að heiðra í það minnsta stofnfélaga samtakanna og að saminn verði afmælissöngur DKG.

Samþykkt var að framkvæma allar tillögur nefndarinnar:

- Ráðstefnan verður sameinuð landsambandsþinginu 10. – 11. maí, 2025. Stjórn DKG og menntamálnefnd munu sjá um skipulag hennar og verður afmælisnefndin til ráðgjafar þeim sem falin verða verkefni í undirbúningnum.
- Sett verður á laggirnar nefnd til að vinna að samningu afmælisritsins og að sú vinna hefjist á afmælisári. Ákveðið var að fá Sigrúnu Jóhannesdóttur, Deltadeild, til að leiða verkið og með henni yrðu Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild og Pernilla Rein, Iotadeild. Gengið verði út frá því að hafa ritið rafrænt. Mikilvægt þykir að halda sögu DKG á Íslandi til haga og framlagi þeirra kvenna sem borið hafa hróður okkar á alþjóðavettvangi.
- Sett verði af stað samfélagsleg verkefni í deildum á afmælisári og/eða að slík verkefni verði þráðurinn í starfi deilda í vetur og/eða á næsta starfsári. Deildir geta sameinast um verkefni. Eins eru afmælisár hjá tveimur deildum og mætti samþætta viðburði því tengdu við þennan lið. Athygli er vakin á að tvær til fjórar deildir á ári geta sótt um styrk að upphæð 100.000.- til stjórnar landsambandsins til að halda ráðstefnur eða fundi í heimabyggð, sbr. opið málþing [Lykill að læsi](#) sem Epsilondeild hélt á síðasta starfsári. Einnig er hægt að sækja um styrki til alþjóðasambandsins – <https://www.dkg.is/is/styrkir>

Landssambandsþing á afmælisári - Staðsetning

Tillögur um þrjá staði fyrir landsambandsþingið lágu fyrir, þ.e. Reykjavík, Borgarnes og Akureyri. Ákveðið var að halda þingið í Reykjavík að þessu sinni til að auðvelda alla framkvæmd við afmælisráðstefnuna sem tengd verður þinginu.

Menntasjóður mæðrastyrksnefndar <https://www.menntunarsjodurinn.is/>

Guðríður Sigurðardóttir, formaður menntasjóðsins, kynnti starfsemi sjóðsins sem byggir alfarið á sjálfböðastarfi og frjálsum framlögum. Sjóðurinn var stofnaður árið 2012 og er tilgangur hans að veita menntunarstyrki til tekjulágra kvenna, oft einstæðra mæðra, hvaðanæva af landinu. Sjóðurinn veitir konum námsstyrki til fagnáms, starfsréttindanáms, framhaldsskólanáms og háskólanáms. Guðríði var þökkuð kynningin og færði Árný henni rauða rós.

Rætt var um hvort og þá hvernig DKG gæti styrkt/stutt við starf sjóðsins fjárhagslega og/eða faglega. Kom m.a. fram að vekja mætti athygli deilda á starfsemi sjóðsins, kynna þar vef sjóðsins og hvetja konur einnig til að leggja fram persónulegan stuðning. Einnig að kaupa Mæðrablómið sem sjóðurinn selur árlega í tengslum við mæðradaginn í maí.

Framkvæmaráð lýsti yfir stuðningi við tillögu stjórnar um styrk/stuðning við Menntasjóð mæðrastyrksnefndar í tilefni 50 ára afmælis DKG á Íslandi og fól stjórn að útfæra það frekar.

Tillaga Mýdeildar um yfirlýsingu til alþjóðasambands DKG

Félagskonur í Mýdeild lögðu fram eftirfarandi tillögu um að Delta Kappa Gamma á Íslandi sameinist um yfirlýsingu til alþjóðasambands DKG um að fordæma allar árásir á nemendur og fólk í fræðslustörfum og eyðileggingu á menntastofnunum á stríðshrjáðum svæðum um allan heim:

“Tillaga um að Delta Kappa Gamma á Íslandi sameinist um yfirlýsingu til Alþjóðasambands Delta Kappa Gamma um að fordæma allar árásir og eyðileggingu á menntastofnanir á öllum skólastigum á stríðshrjáðum svæðum um allan heim. Eins fordæmum við árásir og dráp á fólk í fræðslustörfum ásamt öllum þeim nemendum sem láta lífið í árásum stríðandi fylkinga um allan heim. Við fordæmum ráðaleysi stjórnvalda víðs vegar um heiminn þar sem börn á skólaaldri hafa ekki tækifæri á að mennta sig þar sem skólahúsnaði er í rúst eða tækifæri til menntunar ábótavant. Við hvetjum til tafarlausra vopnahléa á stríðshrjáðum svæðum og verndun menntastofnana, fræðslufólks og nemenda þeirra.”

Jóhanna Dögg Stefánsdóttir, Mýdeild, fylgdi tillögunni eftir með greinargerð sem sjá má í Viðauka II. Tilgangur þeirra með tillögunni er að hafa áhrif og sá fræjum. Góðar umræður spunnust um málefnið en tillagan var að lokum dregin til baka þar sem hún samræmist ekki lögum og yfirlýsingu um hlutleysi Delta Kappa Gamma. Bent var á að DKG konur gætu komið að þessum málum sem fræðarar og verið til staðar og stutt við uppbyggingu á stríðhrjáðum stöðum þegar að henni kæmi. Við gætum líka veitt okkar persónulega stuðning. Mýdeild var þakkað fyrir að vekja máls á málefningu og fram kom að deildir gætu fundið sér farveg fyrir málefni/þemu til að vinna að innan heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Önnur mál

- Ákveðið var að stofna hóp á Facebook fyrir formenn deilda til að skapa þeim vettvang til umræðna og samráðs. Heiða Ingólfssdóttir, Þetadeild og Pernilla Rein, lotadeild munu sjá um verkið.
- Björg Eiríksdóttir, Gammadeild setti fram hugmynd um vinadeildir sem var vel tekið. Deildir eignuðust þá vinadeildir innanlands og/eða utanlands með samvinnu og samskipti í huga.

Samantekt og fundarlok

Árný flutti stutta samantekt af fundinum og sleit síðan fundi. Þakkaði hún fundarkonum fundarsetuna um leið og hún færði hverri þeirra rauða rós.

Gleðistund í boði samtakanna í lok dags 🥳

Ásta Egils
Ritari DKG 2024-2025